

106. fundur sveitarstjórnar Langanesbyggðar 2014 var haldinn fimmtudaginn 12. júní 2014 kl. 17:00 í félagsheimilinu Þórsveri.

Mætt eru: Siggeir Stefánsson, Indriði Þóroddsson, Gunnólfur Lárusson, Steinunn Leósdóttir, Reimar Sigurjónsson, Nanna Steina Höskuldsdóttir, Ævar Rafn Marinósson, Ólafur Steinarsson og Sigríður Jóhannesdóttir sem ritaði fundargerð.

Oddviti setti fundinn, bauð fundarmenn velkomna og spurði hvort gerð væri athugasemd við fundarboð. Svo var ekki.

1. Fundargerð sveitarstjórnar nr. 105/2014

Lögð fram til kynningar

2. Fundargerð Landabúnaðarnefndar dags. 05.06.2014

Lögð fram til kynningar

Liður 1 í fundargerð tekin fyrir. Ævar kynnti málið. Samþykktur samhljóða.

3. Bréf frá Atvinnu- og nýsköpunarráðuneytinu dags. 26.05.2014

Lagt fram til kynningar

Verið að óska eftir tilnefningu tveggja sameiginlegra fulltrúa frá Langanesbyggð, Svalbarðshrepp og Vopnafjarðarhrepp í samstarfshóp um raforkumál á Norðausturlandi. Lagt til að Oddur Skúlason verði fulltrúi Langanesbyggðar. Vopnafjarðarhreppur var búinn að stinga upp á Þórunni Egilsdóttur sem fulltrúa.

4. Bréf varðandi Þokustíg í Langanesbyggð dags. 07.05. 2014

Lagt fram til kynningar

Erindinu vísað til atvinnu, menningar og ferðamálanefndar. Samþykkt samhljóða.

5. Bréf frá Tækifæri hf dags. 26.05.2014

Lagt fram til kynningar

6. Rekstraruppgjör janúar – apríl 2014

Lagðar fram greinargóðar og skýrar upplýsingar um rekstur sveitarfélagsins janúar – apríl 2014.

Ólafur fór yfir helstu niðurstöður uppgjörins.

Flestir kostnaðarliðir eru að standast áætlun. Tekjurnar hafa hins vegar ekki staðist áætlun en skatttekjur og tekjur úr hafnarsjóð eru mun minni en þær gerðu ráð fyrir. Helsta skýringin er loðnubrestur síðastliðinn vetur.

Rekstraruppgjörinu verður komið á framfæri á heimasíðu sveitarfélagsins.

7. Skýrsla um stöðu fráveitumála í Langanesbyggð

Lögð fram til kynningar

Skýrslan rædd.

8. Skýrsla Sveitarstjóra

a. Sértækur byggðarkvóti

Ólafur kynnti samkomulag sem búið er að gera varðandi sértækan byggðarkvóta á Bakkafirði. Sveitarstjórn þarf að staðfesta þetta samkomulag til að það öðlist gildi. Samkomulagið rætt.

Sveitarstjórn samþykkir samkomulagið sé það tryggt að aflinn verði allur endurvigtaður á Bakkafirði, unninn á Bakkafirði þ.e.a.s. flakaður/flattur og unninn áfram þar og tryggi þannig byggðarfestu á Bakkafirði.

Sveitarstjórn leggur mikla áherslu á að Byggðarstofnun sjái um allt eftirlit vegna framkvæmd samningsins og hafi upplýsingaskyldu gagnvart Langanesbyggð um framkvæmd hans, veiðar og vinnslu.

Sveitarstjórn staðfestir fyrir sitt leyti samkomulag milli Byggðarstofnunar og útgerðaraðila á Bakkafirði að uppfylltum ofangreindum atriðum.

Samþykkt samhljóða.

b. Fjárfestingar 2013

Ólafur fór yfir hvernig kostnaður vegna framkvæmda fyrir árið 2013 skiptist.

c. Fjárfestingar 2014

Ólafur fór yfir þær fjárfestingar sem búið er að ráðast í á árinu 2014 og þær framkvæmdir sem eru í gangi.

d. Sauðaneshús/nefnd

Ólafur kynnti að Sauðanesnefnd hafi snúist hugur um rekstur Sauðaneshússins. Nefndin hefur ákveðið að staldra við. Leggur Sauðanesnefndin til að nefnd verði endurnýjuð á fjögura ára fresti líkt og aðrar nefndir sveitarfélagsins. Ný nefnd þarf að koma með tillögur að því hvernig húsið verði rekið áfram. Ákveðið að senda bréf á Menningarmiðstöð Þingeyinga og upplýsa þá um stöðu mála.

e. Gunnólfsvíkurfjall snúningsplan

Ólafur hefur verið í sambandi við Landhelgisgæsluna og Vegagerðina. Verið er að vinna í því að koma framkvæmdinni af stað.

f. Leikskóli - starfshlutfall aukamanneskju

Óskað hefur verið eftir a.m.k. 50% viðbótarstöðugildi á Leikskólann Barnaból. Sveitarstjórn leggur til að bætt verði við 50% stöðugildi við Leikskólann á Þórshöfn. Samþykkt samhljóða.

g. Gömul hús – möguleg endurbygging

Ólafur kynnti hugmyndir um uppbyggingu gamalla húsa á Þórshöfn og lagði fram teikningar. Sveitarstjórn lýsir yfir ánægju sinni með þessar hugmyndir.

h. Efla opnar starfsstöð á Þórshöfn

Fyrirliggjandi er að Efla opni starfsstöð í Langanesvegi 1 – Menntasetrinu í næstu viku. Sveitarstjórn lýsir ánægju sinni með opnun starfsstöðvar Eflu á Þórshöfn.

i. Starfsmannamál

Ólafur fór yfir stöðuna á starfsmannamálum sveitarfélagsins.

j. Eldhúsmál – Þórshöfn

Komin fram ósk frá GP og Karen Rut Konráðsdóttur um að skoðað yrði hvort hægt sé að elda fyrir GP í Þórsveri. Búið að halda einn vinnufund um málið, gera teikningu og grófa kostnaðaráætlun sem er á bilinu 1,5-2 milljónir. Málið lagt fram til kynningar.

Að lokinni hefðbundinni dagskrá var orðið gefið laust.

Sveitarstjórnarmenn þökkðu fyrir samskiptin og samstarfið á kjörtímabilinu. Ólafi Steinarssyni þakkað kærlega fyrir hans störf sem sveitarstjóri í Langanesbyggð en hann mun hætta stöfum í næstu viku.

Nýkjörnum sveitarstjórnarmönnum fluttar góðar kveðjur og íbúum Langanesbyggðar óskað alls hins besta í framtíðinni.

Fleira ekki gert

Fundargerð upplesin og samþykkt samhljóða

Fundi slitið kl 19:19